

Ályktun um heiðursmerki KÍ

Aðalfundur FG beinir því til þings og stjórnar KÍ að settar verði reglur um heiðursmerki Kennarasambandsins.

Greinargerð

Í mörgum félagasamtökum hafa verið settar reglur um heiðrun þeirra félagsmanna sem um árábil hafa unnið óeigingjarnt starf í þágu þeirra samtaka. Með þessari ályktun er hvatt til þess að Kennarasambandið eigi slíkar reglur og jafnframt sé hannað sérstakt heiðursmerki.

Leitast skal við að skoða hvað slík hönnun myndi kosta áður en ákvörðun um það verður tekin.

Tekið skal fram í reglunum að um sé að ræða starf í þágu stéttarinnar og stéttarbaráttu, ekki starfsins kennari.